

Sp.

223. Skýrsla

ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1976.

(Lögð fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I

Inngangur

Á sl. sumri ákvað ríkisstjórnin, að fjármálaráðuneytið hafi frumkvæði að samráði opinberra stofnana á sviði fjármála, peninga- og lánamála og efnahagsmála, til þess að undirbúa árlegar lánsfjáráætlanir, þ. e. heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og heildarlántökur erlendis. Lánsfjáráætlun þessi skal lögð fyrir ríkisstjórnina og Alþingi fyrir lok fjárlagaafgreiðslu ár hvert, þannig að yfirsýn fáið með skipulegum hætti yfir alla lánastarfsemi í landinu á sama tíma og fjárlagaákvæðanir eru teknar. Til þessa samráðs voru kvaddir eftirtaldir aðilar auk stofnana fjármálaráðuneytis: Seðlabanki Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Samband íslenskra viðskiptabanka, félagsmálaráðuneyti og Húsnæðismálastofnun ríkisins, Þjóðhagsstofnun, viðskiptaráðuneyti.

Skýrsla sú, sem hér birtist, er fyrsta heillega áætlunin um lánsfjármarkaðinn, sem gerð er hér á landi. Undirbúningur skýrslunnar er að meginhluta unninn í Seðlabankanum, þ. e. allt efni, sem tekur til lánamála bankanna, fjárfestingarlánasjóða, lífeyrisjóða og erlendra lána. Efni varðandi opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin er í samræmi við spá Þjóðhagsstofnunar, frá 28. nóvember 1975, um þjóðarframleiðslu, fjárfestingu, neyslu og viðskiptajöfnuð og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar 1976. Lánsfjáráætlunin sýnir uppruna og ráðstöfun lánsfjár á árinu 1976 og skiptingu þess eftir lantakendum.

II

Þjóðhagsleg markmið

Helstu markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næstunni eru, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra:

- 1) Að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd strax á næsta ári.
- 2) Að hægja mikið á verðbólguhraðanum frá því, sem verið hefur á þessu ári.
- 3) Að tryggja fulla atvinnu.

Í samræmi við þessi markmið og núverandi stöðu í efnahagsmálum er að því stefnt, að viðskiptahallinn við útlönd verði um 7 000 m.kr. minni árið 1976 en árið 1975, eða sem svarar til 6—7% af áætlaðri þjóðarframleiðslu, borið saman við 11—12% halla árin 1974 og 1975. Til þess að svo megi verða, þarf magn þjóðarútgjalda að minnka um 3—4%. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir, að einkaneysla og samneysla haldist nær óbreytt að magni frá árinu 1975, sem er í samræmi við útgjaldatillögur fjárlagafrumvarps. Þetta felur í sér, að samdráttur þjóðarútgjalda fellur eingöngu á fjárfestingu, sem verður að dragast saman um 9—10% að magni. Fjárfesting 1976 yrði þá á svipuðu stigi, í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, og hún var á árinu 1973 og að meðaltali á undanförunum 10 árum, eða í kringum 30%. Á árunum 1974 og 1975 var fjárfestingarhlutfallið hins vegar kringum 35%, sem er óvenju hátt, enda var um mikla fjárfestingu að ræða í skipum, vélum og tækjum á þessum árum.

Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að stefna að því, að verðbreytingar frá byrjun til loka ársins 1976 verði ekki meiri en 12—15%, samanborið við um 40% 1975 og um 54% 1974. Í þjóðhagsspá fyrir árið 1976 er miðað við þetta mark, en það felur í sér um 24—25% meðalverðhækkun frá árinu 1975.

Þessi markmið krefjast þess, að lánsfjárframboð verði takmarkað við nauðsynlegustu framkvæmdir og brýnustu rekstrarfjárförf atvinnuveganna, og að dregið verði úr lánveitingum til þeirra hluta, sem hvetja til innflutnings eða umframeftirspurnar, eftir því sem við verður komið. Sérstaklega er nauðsynlegt að draga úr peningaúttreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis, því að framboð lánsfjár verður að byggjast á innlendum sparnaði í rikari mæli en verið hefur.

Eins og fram kemur í töflu I verður nettóaukning lána 16,5% minni árið 1976 en á árinu 1975. Þessi lækkun kemur öll fram í minni lánnum til opinberra aðila, þar sem áætlað er, að skuldir ríkisins aukist um 7 600 m.kr. árið 1976 miðað við um 12 000 m.kr. aukningu árið 1975. Lánsfjáráætlunin felur þannig í sér, að sparnaður ríkisins árið 1976 tvöfaldist frá árinu 1975 (sjá töflu XVI), og er það í samræmi við þá stefnu að afgreiða fjárlög ársins 1976 án greiðsluhalla, þegar tekið hefur verið tillit til afborgana af lánnum vegna greiðsluhalla fyrri ára.

Lán til íbúðabygginga hækka um 16,5%, en lán til atvinnufyrirtækja lækka lítillega frá yfirstandandi ári, enda er nú áætlað, að fjárfesting atvinnufyrirtækja, einkum í skipum, vélum og tækjum hvers konar, verði mun minni á næsta ári, en verið hefur um skeið. Í næstu köflum verður fjallað um niðurstöður áætlunarinnar varðandi bankakerfið, fjárfestingarlánasjóði, erlendar lántökur, lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir og fjármunamyndun og fjáröflun.

III

Bankakerfið

Í áætlun bankakerfisins (sjá töflu V) er stefnt að tveimur megin markmiðum. Í fyrsta lagi er stefnt að bættri gjaldeyrisstöðu með mjög aðhaldssamri stefnu í peningamálum, einkum að því er varðar viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður endurgreiði Seðlabankanum 800 m.kr. af lánnum fyrri ára, og a. m. k. 600 m.kr. vegna lána á yfirstandandi ári, þ. e. vegna áætlaðra yfirdráttarskulda í árslok, og skuldar ríkissjóðs vegna gengistryggingar Verðjöfnunarsjóðs. Auk þess þarf ríkissjóður að greiða afborganir af erlendu lánsfé, sem Seðlabankinn hefur endurlánað í ár og á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir óbreyttum endurkaupareglum og nokkurri lækkun á innstæðum sjóða í opinberri vörslu, en það ásamt hagstæðum greiðslujöfnuði leiðir af sér peningaúttreymi úr Seðlabankanum. Á móti kemur innstreymi vegna ofangreinds bata í ríkisfjármálum og vegna innlánsbindingar. Í heild er stefnt að því, að úttreymi úr Seðlabankanum verði mun minna en verið hefur undanfarin ár (sjá lið 3 í töflu VI), en það er þýðingarmikið skilyrði þess, að hægt sé að ná þeim bata í greiðslujöfnuði, sem að er stefnt.

Í öðru lagi er að því stefnt, að lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum versni ekki á árinu. Þetta felur í sér, að takmarka verður útlán við innlánsaukningu og þá fyrirgreiðslu Seðlabankans, sem felst í endurkaupum afurðalána umfram það, er greiða ber inn á hundna reikninga vegna almennrar bindiskyldu. Niðurstaðan er sú, að með 24,5% aukningu endurkaupa og 12% aukningu útlána án endurkaupa myndi nást jafnvægi í lausafjárstöðunni. Útlán myndu þannig aukast alls um 14,5%, sbr. töflu VII.

Áætlun bankakerfisins sýnir, að verulega muni draga úr aukningu peningamagns og sparifjár á næsta ári (sjá töflu V) eins og jafnan gerist, þegar peningaúttreymi úr Seðlabankanum er takmarkað. Verði aukning innstæðna meiri en hér er gert ráð fyrir vegna aukningar á sparnaði, getur orðið ástæða til að endurskoða stefnuna í útlána- og peningamálum með hliðsjón af atvinnuástandi og stöðu atvinnuveganna.

IV

Fjárfestingarlánasjóðir

Eins og áður segir verður að halda útlánnum fjárfestingarlánasjóða innan ákveðinna marka, til þess að ná þjóðhagslegum markmiðum vegna viðskiptahalla og verðlagsþróunar. Undanfarin ár hefur verið mikil þensla í útlánnum sjóðanna, og ber brýna nauðsyn til þess, að hægt verði á þeirri þróun. Útlán sjóðanna árið 1974 urðu 25% hærri en árið 1973, en á þessu ári er áætlað að útlán verði rúmum 60% hærri en árið 1974. Með tilliti til magnmínkunar fjárfestingar í spá fyrir árið 1976 verður að teljast æskilegt, að útlán fjárfestingarlánasjóða hækki ekki meira en um 13% frá áætluðum útlánnum þessa árs. Þar sem gert er ráð fyrir meiri samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega en í íbúðabyggingum, er áætlað, að útlán fjárfestingarlánasjóða aukist nokkru meira en útlán atvinnuvegasjóða (sjá töflu VIII).

Óskir einstakra fjárfestingarlánasjóða um útlán 1976 fela í sér svipaða þenslu og verið hefur undanfarin ár. Meðfylgjandi yfirlit sýnir í stórum dráttum samanburð á útlánnum eins og þau yrðu, ef óskir einstakra sjóða réðu ferðinni og þeim útlánnum, sem gert er ráð fyrir í áætlunum Framkvæmdastofnunar og Húsnæðismála- stofnunar og lánsfjáráætlunin byggir á:

Útlán 1976

	Óskir sjóða		Lánsfjáráætlun	
	M.kr.	Breyting f. f. ári %	M.kr.	Breyting f. f. ári %
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	17 150	44	13 424	13
Íbúðalánasjóðir	5 360	46	4 520	23
Þar af Byggingarsjóður ríkisins	4 920	47	4 080	22
Atvinnuvegasjóðir	11 790	44	8 904	9

Þrátt fyrir þennan niðurskurð á útlánaáformum fjárfestingarlánasjóða er fyrir- sjáanlegur töluverður lánsfjárskortur hjá fjárfestingarlánasjóðum á næsta ári. Eins og undanfarin ár verður að afla þeim erlendra lána, þótt svigrúm til þess sé þröngt vegna mikillar skuldasöfnunar erlendis. Fjármögnunarleiðir fjárfestingarlánasjóða verða því með sama hætti og undanfarin ár, þannig að rúmlega helmingur útlána fjármagnast með lánsfé en tæpur helmingur með eigin fjármagni, framlögum og mörkuðum tekjustofnum.

Hlutfallsleg skipting fjármögnunar (%)

	1974	Áætlun 1975	Lánsfjár- áætlun 1976
	Eigið fé	0,6	6,5
Framlög og markaðir tekjustofnar	45,9	39,6	40,6
Lántökur	53,5	53,9	50,0
Innlend lán	38,4	33,7	37,8
Lífeyrissjóðir	11,4	10,5	16,9
Bankakerfið	10,6	6,4	6,7
Skyldusparnaður	12,4	9,3	11,2
Atvinnuleysisstryggingasjóður	4,0	1,6	3,0
Annað innlent	—	5,9	—
Erlend lán	15,1	20,2	15,2
Alls	100,0	100,0	100,0

Í yfirlitinu hér að ofan sést, að gert er ráð fyrir hlutfallslega hærri lántökum fjárfestingarlánasjóða innanlands á næsta ári en í ár. Á það sérstaklega við lán úr lífeyrissjóðakerfinu, þar sem stefnt er að því, að um 30% af ráðstöfunarfé þess árið 1976 verði lánað fjárfestingarlánasjóðum í stað um 20% árið 1975. Skipting lánsfjárins úr lífeyrissjóðum milli Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands ákvarðar útlánagetu íbúðalánasjóða annars vegar og atvinnuvegasjóða hins vegar. Verður því að stjórn þessum lánum, lífeyrissjóðanna og skiptingu þeirra, þannig, að útlán til íbúðabygginga og atvinnuvega verði í samræmi við lánsfjár-áætlunina (sjá töflu IX).

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs til annarra atvinnuvegasjóða ráða miklu um skiptingu lánsfjár sjóðanna til einstakra atvinnugreina. Landbúnaðarsjóðir búa við svipaða fyrirgreiðslu af hálfu Framkvæmdasjóðs 1976 og 1975. Framkvæmdir og vélvæðing í landbúnaði hefur verið nokkuð mikil undanfarin ár og er gert ráð fyrir, að úr hvoru tveggja megi draga á næsta ári. Sama á við í sjávarútvegi, en þar sem gert er ráð fyrir, að Fiskveiðisjóður fái eingöngu lánsfé frá Framkvæmdasjóði árið 1976, þarf það fé að hækka verulega frá árinu 1975. Sjóðir, sem lána til verslunar, fá að nokkru hærra lánsfé úr Framkvæmdasjóði en undanfarin ár, enda má telja, að þeir hafi búið við skertan hlut undanfarið. Af þeim fjórum sjóðum, sem lána til iðnaðar, er aðeins Iðnlánasjóður, sem fær lánsfé úr Framkvæmdasjóði. Er ætlunin að rúmlega tvöfalda það lánsfé árið 1976 frá árinu 1975, en samt sem áður hefur mikill niðurskurður átt sér stað frá útlánaóskum sjóðsins. Sama á við um Lánasjóð sveitarfélaga og er þá ljóst, að hann annar ekki eftirspurn eftir lánsfé til hinna ýmsu hitaveituframkvæmda, sem á döfinni eru.

Svo sem áður greindi er gert ráð fyrir að heina fjármagni úr lífeyrissjóðum í mun meira mæli til fjárfestingarlánasjóða, og þá sérstaklega til atvinnuvegasjóða með milligöngu Framkvæmdasjóðs. Er gert ráð fyrir, að þessi lán verði verðtryggð eins og undanfarin ár, og verða því auknar lánveitingar af þessu tagi til þess, að lífeyrissjóðum verði auðveldað að tryggja verðgildi þess fjár, sem þeim er ætlað að geyma og ávaxta fyrir félagi sína.

V

Erlendar lántökur

Stefnt er að því að draga úr lántökum erlendis eftir því sem við verður komið. Á undanförunum árum hefur fjárfesting, bæði á vegum opinberra aðila og atvinnuveganna, byggst í vaxandi mæli á fjármagni erlendis frá. Greiðslubyrði erlendra lána er nú þegar orðin það þung, að gæta verður hófs í þessum málum, eigi láns- traust þjóðarbúsins að haldast óskert út á við.

Áætlað er, að innkomin löng erlend lán nemi 18 725 m.kr. á árinu 1976, en afborganir af eldri lánum verða samtals um 8 580 m.kr. þannig að nettóaukning erlendra lána verður um 10 145 m.kr., samanborið við 13 140 m.kr. nettóaukningu á árinu 1975. Eins og fram kemur í töflu XIII verða lántökur ríkisfyrirtækja nokkru meiri en á yfirstandandi ári, sem stafar nær eingöngu af miklum virkjunarframkvæmdum. Í heild er áætlað, að nettólántökur opinberra aðila verði 1 065 m.kr. lægri en á yfirstandandi ári, enda hækka afborganir verulega, eða úr 1 780 m.kr. í 3 190 m.kr.

Nettólántaka atvinnuveganna er áætluð 1 855 m.kr. lægri en árið 1975, sem stafar einkum af minni skipainnflutningi, auk þess sem afborganir hækka verulega.

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan, munu fjárfestingarlánasjóðir byggja fjáröflun sína hlutfallslega meira á innlendu fjármagni á næsta ári en verið hefur. Erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða árið 1976 eru áætlaðar 2 045 m.kr. en 2 250 m.kr. árið 1975.

VI

Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir

Eftir athugun á tillögum stofnana og ráðuneyta um framkvæmdir 1976, sem ráðgert er að fjármagna með lánum, er niðurstaðan sú, að lánsfjárbörf verði í heild 9 770 m.kr. á því ári. Eru þá meðtalin öll vörukaupalán og sérstök erlend lánsfjáröflun bundin ákveðnum verkefnum. Í áætlunum um fjárbörf til einstakra framkvæmda hefur verið tekið tillit til fjármagnsútgjalda, þ. e. endurgreiðslu lána á framkvæmdatímabilinu, þegar ekki er séð fyrir þessum greiðslum annars staðar, svo sem í rekstri stofnana eða fjárveitingum á fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir því í einu tilviki, þ. e. hjá RARIK, að fyrirsjáanlegur rekstrarhalli 1975 verði fjármagnaður með lántöku á árinu 1976. Heildaryfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir er sýnt á 1. töflu þessa kafla hér á eftir, en að öðru leyti skal hér gerð nánari grein fyrir fjárbörf til einstakra framkvæmdaverkefna.

A-hluti fjárlaga

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar, 1 050 m.kr., er í samræmi við vegáætlun árána 1974—1977, sem samþykkt var á Alþingi í maí sl. Af þessari fjárhæð skal skv. áætluninni verja 500 m.kr. til norður- og austurvegar og 550 m.kr. til annarra vegafframkvæmda.

Landshafnir. Hér er um að ræða áframhald framkvæmda, sem staðið hafa yfir við landshafnirnar í Rífi, Njarðvík og Þorlákshöfn. Til Rífs er ætlað að verja 35 m.kr., til Njarðvíkur 50 m.kr. og til Þorlákshafnar 225 m.kr., eða samtals 310 m.kr. Lánsfjár vegna framkvæmdanna í Þorlákshöfn er sérstaklega aflagð hjá Alþjóðabankanum í Washington, en 40% framkvæmdakostnaðar þarf skv. samningum við bankann að koma frá ríkinu. Er þess vegna gert ráð fyrir 150 m.kr. beinni fjárveitingu í fjárlagafrumvarpi 1976, þannig að heildarframkvæmdir í Þorlákshöfn verða samkvæmt því 375 m.kr. á árinu.

Hafnargerð við Grundartanga. Talið er nauðsynlegt að hefja undirbúning að hafnargerð við Grundartanga í sambandi við fyrirhugaða járnblendiverksmiðju. Eru ætlaðar 50 m.kr. til áætlunargerðar, þ. m. t. teiknivinna, og til fyrstu greiðslu til væntanlegs verktaka. Þessi áætlun miðast við það, að framkvæmdir geti hafist snemma árs 1977 og að þeim ljúki á því ári. Heildarkostnaðaráætlun nemur um 600 m.kr.

Þangverksmiðja. Fjáröflunarbörf vegna þangverksmiðjunnar á Reykhólum er talin vera 80 m.kr. á árinu 1976. Er þá gert ráð fyrir, að til framhaldsframkvæmda við hafnargerð verði varið 50 m.kr., þar af til endurgreiðslu bráðabirgðaláns vegna hafnargerðar 21 m.kr., til borunar viðbótarholu til orkuöflunar 15 m.kr. og til aukningar eiginfjár ríkissjóðs í fyrirtækinu 15 m.kr.

Orkustofnun v/jarðhitarannsókn. Þeirri 34 m.kr. lánsfjáröflun, sem hér um ræðir, er ætlað að verja til hitasegulborana, 30 m.kr., og til varmaskiptatilauna, 4 m.kr.

B-hluti fjárlaga

RARIK, almennar framkvæmdir o. fl. Á 2. töflu þessa kafla er sýnd skipting á því 1 740 m.kr. lánsfjármagni, sem talið er að aflagð þurfi á árinu 1976. Samkvæmt því verður 1 457 m.kr. varið til framkvæmda og 212 m.kr. til endurgreiðslu bráðabirgðalána, eða samtals 1 669 m.kr., en gert er ráð fyrir tekjum af heimtaugargjöldum samtals 34 m.kr., þannig að fjáröflunarbörf vegna framkvæmdanna er 1 635 m.kr. Þar við bætist ætlaður rekstrarhalli á árinu 1975 að fjárhæð 105 m.kr., og er því lánsfjárbörf í heild 1 740 m.k. Tilboð um erlend vörukaupalán, sem eru í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu, nema 132 m.kr., og er því önnur fjáröflunarbörf 1 608 m.kr.

Sveitarafvæðing. Hér er gert ráð fyrir, að 150 m.kr. verði aflað til rafvæðingar í sveitum, en það er 30 m.kr. aukning lánsfjáröflunar frá árinu 1975. Það ár var auk þess um að ræða 50 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum til Orkusjóðs vegna þessa verkefnis.

Norðurlína. Gert er ráð fyrir 343 m.kr. framkvæmdum og 235 m.kr. greiðslu bráðabirgðalána, eða samtals 578 m.kr. Þessi framkvæmdaáætlun er byggð á því, að Norðurlína verði rekin á 132 kV spennu og línulagningu til Varmahlíðar verði lokið á árinu 1976. Auk þess verði komið upp bráðabirgðaaðveitustöðvum við Vatnshamra, Laxárvatn og Akureyri. Tenging kerfa Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar er auðveld, jafnvel þótt notast verði við núverandi 66 kV flutningskerfi frá Elliðaám að Vatnshömrum. Unnt er að flytja með þessum hætti til Laxárvatns og Akureyrar allt það afl (8—10 MW), sem núverandi kerfi getur látið í té við Vatnshamra. Raunar yrði flutningsgetan meiri, eða allt að 15 MW. Kostnaður og fjáröflun eru nánar sundurliðuð á 3. töflu þessa kafla.

Kröfluvirkjun. Hér er við það miðað, að orkuframleiðsla geti hafist í árslok 1976, en uppsetning síðari vélasamstæðu frestist til ársins 1977. Fjárbörf er samtals 4 163 m.kr. á árinu 1976, þar af 2 778 m.kr. vegna byggingar stöðvarhúss og vélbúnaðar, 730 m.kr. vegna borhola og aðveitukerfa og 655 m.kr. vegna línulagnar frá Kröflu til Akureyrar ásamt aðveitustöð á Akureyri. Í kostnaðaráætlun stöðvarhúss og vélbúnaðar eru meðtalin fjármagnsútgjöld að fjárhæð 238 m.kr., og í kostnaðaráætlun borhola og aðveitukerfa eru fjármagnsútgjöld áætluð 50 m.kr. Gert er ráð fyrir, að af heildarfjárbörfinni fái 1 298 m.kr. í formi erlendra vörukaupalána, og önnur fjáröflun nemi 2 865 m.kr. Nánari sundurliðun er að finna á 4. töflu þessa kafla.

Jarðboranir ríkisins. Lánsfjárbörf vegna jarðborananna er 40 m.kr., þar af 18 m.kr. til kaupa á mælitækjum, 10 m.kr. til kaupa á álagsstöngum vegna nýja stórvirka borsins og 12 m.kr. til kaupa á kjarnatökutæki.

Járnblendiverksmiðja. Áætluð lánsfjáröflun vegna járnblendiverksmiðju á Grundartanga er 975 m.kr., þar af 800 m.kr. eiginfjárframlag ríkisins og 175 m.kr. fjármagnsútgjöld, þ. e. afborganir og vextir af lánnum. Eiginfjárframlag ríkisins, sem er 55%, er áætlað samtals 2 150 m.kr., og hafa 445 m.kr. verið greiddar á árinu 1975. Með ráðgerðu framlagi 1976 yrðu því eftir 905 m.kr., er kæmu til greiðslu á árinu 1977, ef áætlanir standast.

Landhelgisgæsla v/flugvélakaupa. Sú 600 m.kr. fjáröflun, sem hér er ráðgerð, á að standa undir kostnaði vegna kaupa á Fokker-flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, en þessi kaup voru ákveðin sl. sumar.

Fjáröflun

Á 5. töflu þessa kafla kemur fram, hvernig ætlunin er að afla fjár til þeirra framkvæmda og annarra þarfa, sem fram koma á 1. töflu, eða samtals allt að 9 770 m.kr. Samkvæmt því er ráðgert að afla innanlands samtals 2 920 m.kr., þar af 1 520 m.kr. í formi endurgreiðslu af endurlánuðu spariskirteinafé og 1 400 m.kr. með útgáfu verðbréfa. Heimild til verðbréfaútgáfu byggist annars vegar á tölulíð XXXV í 6. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 1976, og raunar á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs, eftir því hvernig fjáröfluninni yrði skipt. Erlend fjáröflun er áætluð samtals 6 850 m.kr. Erlend lántaka vegna landshafnar í Þorlákshöfn, 225 m.kr., byggist á 3. gr. laga nr. 91/1973 og lántaka vegna eiginfjárframlags ríkisins til járnblendiverksmiðju á Grundartanga, 975 m.kr., á lögum nr. 10/1975. Vörukaupalán, samtals 2 030 m.k., byggjast í fyrsta lagi á bráðabirgðalögum vegna flugvélakaupa Landhelgisgæslu, en við frumvarp til staðfestingar á þeim lögum þarf að bæta 150 m.kr. lánsheimild (450+150 = 600). Í öðru lagi byggjast vörukaupalán vegna Kröfluvirkjunar, 1 084 m.kr., að hluta á lögum nr. 21/1974, þ. e. 440 m.kr., sem ónotaðar eru af þeirri lagaheimild, en leita þarf sérstakrar laga-

heimildar til þess sem eftir er, 644 m.kr., svo og til annarra vörukaupalána, þ. e. vegna almennra framkvæmda RARIK 132 m.kr., til línulagnar Krafla-Akureyri 84 m.kr. og til Orkustofnunar vegna aðveitukerfa við Kröflu 130 m.kr., eða samtals 990 m.kr. Loks þarf að leita lagaheimildar til annarrar erlendrar lántöku (sbr. 5. töflu þessa kafla) að fjárhæð 3 620 m.kr.

Í frumvarpi til laga um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976, sem liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir, að lagaheimildir skorti fyrir 3 580 m.kr. lántöku, og er þá byggt á tölum fjárlagafrumvarps. Samkvæmt framangreindu þarf sú fjárhæð að vera 4 610 m.kr., eða hækka um 1 030 m.kr.

1. tafla Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1976¹⁾

Í millj. kr.

	Heildar- lánsfjárbærf	Erlend vörukaupalán	Sérstök erl. fjáröflun	Önnur lánsfjáröflun	Samtals
A-hluti fjárlaga:					
Vegagerð	1 050	–	–	1 050	1 050
Landshafnir	310	–	225	85	310
Hafnargerð við Grundartanga	50	–	–	50	50
Þangverksmiðja	80	–	–	80	80
Orkustofnun vegna jarðhitarannsóknna ...	34	–	–	34	34
	1 524	–	225	1 299	1 524
B-hluti fjárlaga:					
RARIK, almennar framkvæmdir o. fl. ...	1 740	132	–	1 608	1 740
Sveitarafvæðing	150	–	–	150	150
Norðurlína	578	–	–	578	578
Kröfluvirkjun:					
a. Stöðvarhús og vélar	2 778	1 084	–	1 694	2 778
b. Borholur og aðveitukerfi	730	130	–	600	730
c. Lína Krafla-Akureyri og aðveitustöð	655	84	–	571	655
Jarðboranir ríkisins	40	–	–	40	40
Járnblendiverksmiðja	975	–	975	–	975
Landhelgisgæsla vegna flugvélaupa	600	600	–	–	600
	8 246	2 030	975	5 241	8 246
Samtals A- og B-hluti	9 770	2 030	1 200	6 540	9 770

1) Í þessum tölum eru ekki taldar framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, sem áætlaðar eru 4 070 m. kr. á árinu 1976, en heildarlánsfjárbærf þeirra vegna er talin 3 470 m. kr., sem aflagð verður með sérstöku erlendu láni.

2. tafla Almennar framkvæmdir RARIK 1976

Í millj. kr.

Virkjanir:	
Lagarfoss	158
Mjólká	87
Hofsárveita	148
	<hr/>
	393
Stofnlínur:	
Mjólká — Breiðdalur	110
Breiðdalur — Bolungarvík	3
Sæstrengur, Eyjafjörður	34
Stöðvarfjörður — Breiðdalsvík	10
Húsavíkurlína, flutningur	5
Sæstrengur til Vestmannaeyja, endurbætur	18
Línur að Vatnshömrum, Borgarfirði	9
Búðardalur — Saurbær	35
	<hr/>
	224
Aðveitustöðvar:	
Akranes	5
Stykkishólmur	90
Saurbær, Gilsfjörður	4
Ólafsvík	11
Króksfjarðarnes	5
Patreksfjörður	67
Gemlufall	36
Laxárvatn	11
Sauðárkrókur	22
Aðaldalur	15
Eskifjörður	1
Fáskrúðsfjörður	1
Stöðvarfjörður	64
Seyðisfjörður	1
Kópasker	5
Raufarhöfn	5
Brúarland, Þistilfjörður	5
Smyrlahjargaárvirkjun	5
Höfn í Hornafirði	8
Vík í Mýrdal	8
Hvolsvöllur	39
Stokkseyri	2
Þorlákshöfn	1
Selfoss	1
Njarðvík	29
Korpa	25
	<hr/>
	466
Innanbæjarkerfi	250
Dísilstöðvar	24
Vélar og tæki	50
Meiriháttar viðhaldsverk	50
Endurgreiðsla bráðabirgðalána	212
	<hr/>
	1 669
Heimtaugargjöld	34
	<hr/>
	1 635
Rekstrarhali 1975	105
	<hr/>
	1 740
Erlend vörukaupalán	132
Önnur fjárförf	1 608

3. tafla Norðurlína
Í millj. kr.

Línur:			
Grundartangi — Andakíll, mæling	10		
Andakíll — Hrótafjörður, lúkning	14		
Hrótafjörður — Laxárvatn, lúkning	114		
Laxárvatn — Varmahlíð	195	323	
 Aðveitustöðvar:			
Vatnshamrar, Borgarfirði	5		
Laxárvatnsvirkjun	5		
Akureyri	10	20	
		343	
 Endurgreiðsla bráðabirgðalána		235	
		578	

4. tafla Kröfluvirkjun
Í millj. kr.

I Stöðvarhús og vélar:	
Heildarkostnaðaráætlun	4 350
Hækkun fjármagnsútgjalda frá þeirri áætlun	94
Samtals	4 444
Framkvæmdir árið 1975, áætlað	1 060
	3 384
Flutt til ársins 1977	606
Fjárbörf árið 1976	2 778
Þar af framkvæmdir	2 540
Þar af fjármagnsútgjöld	238
	2 778
Erlent vörukaupalán	1 084
Önnur fjárbörf	1 694
II Borholur og aðveitukerfi:	
Borholur	180
Fóðurrör	100
Aðveitukerfi	400
Fjármagnsútgjöld ca.	50
	730
Erlent vörukaupalán ca.	130
Önnur fjárbörf	600
III Lína Krafla — Akureyri:	
Lína	515
Aðveitustöð á Akureyri	140
	655
Erlent vörukaupalán	84
Önnur fjárbörf	571
IV Samtals:	
Framkvæmdir	3 875
Fjármagnsútgjöld	288
	4 163
Erlent vörukaupalán	1 298
Önnur fjáröflun	2 865
	4 163

5. tafla Fjáröflun

Í millj. kr.

Innlend lán:		Þegar heimilað ¹⁾
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé	1 520	1 520
Útgáfa spariskirteina og happdrættisskuldabréfa	1 400	1 400
	2 920	2 920
Erlend lán:		
IBRD-lán vegna landshafnar í Þorlákshöfn	225	225
Vörukaupalán	2 030	1 040
Lán vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs til járnblendiverksmiðju	975	975
Önnur erlend lán	3 620	-
	6 850	2 240
Samtals	9 770	5 160

1) Hér eru talin bæði þau lán, sem þegar hafa verið heimiluð með lögum og leitað mun heimilda fyrir sérstaklega (t.d. lánum vegna Landhelgisgæslu). Leitað verður í einu lagi almenningar heimildar til þess að taka að láni þær 4 610 m.kr. sem á heimildir skortir (þ.e. 9 770 - 5 160).

VII Fjármunamyndun og fjáröflun

Fjármunamyndun

Samkvæmt frumdrögum þjóðhagsspár er reiknað með, að fjármunamyndun í heild nemi um 68,5 milljörðum króna á árinu 1976. Í þessari tölu er reiknað með um 20—22% hækkun byggingarkostnaðar frá ársmeðaltali 1975. Í heild er reiknað með 9—10% samdrætti fjármunamyndunar 1976. Þó er búist við nálægt þriðjungsaukningu framkvæmda við stórfamkvæmdir, þ.e. við Sigöldu- og Kröfluvirkjanir og járnblendiverksmiðju að Grundartanga, en á árinu 1976 eru samtímis í gangi miklar raforkufamkvæmdir víða um land. Þó mun leitast við að dreifa þessum framkvæmdum yfir svo langan tíma sem fært þykir, með tilliti til orkueftirspurnar. Innflutningur til þessara framkvæmda (sjá töflu XIV) er talinn geta numið um 6 200 m.kr. f.o.b., sem deilist jafnt á þessa aðila, en annar framkvæmdakostnaður er í heild talinn geta numið svipaðri fjárhæð. Þessi spá er einkar óviss hvað varðar járnblendiverksmiðjuna, en eftir þá frestun framkvæmda við hana, sem ákveðin hefur verið, er heildarfjárhæð þeirrar fjárfestingar sett 4 000 m.kr. Þessi tala er þó sennilega frekar of há en of lág. Innflutningur skipa og flugvéla 1976 er talinn munu dragast saman um $\frac{2}{3}$ frá árinu 1975 (sjá töflur XIV og XXIII) og verða um 2 900 m.kr. Þessi spá er byggð á vitneskju um gerða samninga og veittar lántökuheimildir og hefur þá jafnframt verið miðað við nýsettar reglur um þrengingu lántökuheimilda og ríkisábyrgða til skipakaupa.

Fjármunamyndun, önnur en í sérstökum framkvæmdum og skipum og flugvélum, er talin dragast saman um 7% á næsta ári. Fjármunamyndun á vegum atvinnuveganna er í heild talin dragast saman um 14% frá 1975, einkum vegna minni skipakaupa og minni innflutnings flutningataekja en í ár, en reiknað er með samdrætti í hverri grein atvinnuvegafjárfestingar að járnblendiverksmiðjunni undanskilinni. Þá er reiknað með um 8% samdrætti íbúðabygginga 1976. Opinber fjárfesting er loks talin munu dragast saman um 5% á árinu 1976.

Þessar spár um fjármunamyndun eru, eftir því sem föng eru á, samræmdar fjárveitingatillögum fjárlagafrumvarps og lánsfjáráætlun þessari. Af þeim tillögum og ákvörðunum um opinberar framkvæmdir, sem þar koma fram, fæst sú niðurstaða, að hreinar ríkisframkvæmdir dragist saman um 7% á árinu 1976 og svipuðu máli gegni um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Af hreinum ríkisframkvæmdum er reiknað með, að raforkufamkvæmdir verði um 6% minni að magni 1976 en í ár, en verði þó — eins og á þessu ári — um $\frac{2}{3}$ heildarframkvæmda ríkisins sjálfs. Er þá gert ráð fyrir rúmlega þriðjungsminnkun framkvæmda við Sigölduvirkjun, en talsvert meira en tvöföldun umsvifa við Kröfluvirkjun. Hreinar framkvæmdir sveitarfélaga eru loks taldar munu aukast nokkuð á næsta ári, e. t. v. um 5%. Spárnar um opinberar framkvæmdir eru settar fram í töflum XXIV og XXV.

Á undanförunum árum hefur verið mikið þensluástand í fjárfestingarathöfnum og hvers konar byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Árin 1971—1974 er talið að umsvif í þessum greinum hafi vaxið um 11% á ári að jafnaði. Þessu ástandi hefur fylgt rík tilhneiging til verð- og launahækkunar í greininni, þar sem jafnan hefur ríkt umframeftirspurn. Á árinu 1976 er reiknað með, að umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð verði svipuð eða e. t. v. heldur minni en 1974, og á næsta ári gæti orðið um nokkurn samdrátt verkefna að ræða, eða um 4—5%. Með tilliti til aðstæðna á vinnumarkaði að undanförunu ætti hætta á atvinnuleysi ekki að fylgja þessu, en hins vegar verður e. t. v. tiltöluleg færsla vinnuafis frá þessum greinum til annarra.

Fjáröflun

Forsenda fjármunamyndunar er ávallt sparnaður. Sé innlendir sparnaður minni en fjárfesting, er óhjákvæmilegt, að halli sé á viðskiptajöfnuði. Nokkur undangengin ár, einkum 1974 og 1975, hefur innlendir sparnaður verið mun minni en fjárfesting, sem glöggst hefur komið fram í þróun viðskiptahallans við útlönd.

Í töflum XV—XX hér á eftir eru sýnd yfirlit áætlaðrar fjármögnunar þeirrar fjárfestingar, sem reiknað er með í spá Þjóðhagsstofnunar. Tafla XV sýnir fasta fjármunamyndun og birgðabreytingu samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, svo og áætlaðan innlendan sparnað og viðskiptahalla við útlönd á árinu 1976. Tölurnar sýna, að áætlaður viðskiptahalli felur í sér, að innlendir sparnaður aukist úr 70% í 80% af fyrirhugaðri fjármunamyndun. Delta virðist nokkuð raunhæft þegar það er haft í huga, að gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingu, auk þess sem ætlað er að mjög dragi úr verðhækkunum. Töflur XVI, XVII og XVIII sýna yfirlit yfir ráðstöfun og uppruna fjármagns hjá ríki, sveitarfélögum og einkaaðilum. Töflur XIX og XX sýna loks heildaryfirlit greiðsluflæðis lánastofnana og greiðsluflæðis við útlönd, sem í lánsfjáráætlun þessari felst.

Á það skal bent, að skilgreiningar á geirum þjóðfélagsins eru í samræmi við hugtakanotkun Þjóðhagsstofnunar við úrvinnslu þjóðhagsreikninga og eru því samþærilegar við þjóðhagsstærðir. Hér á eftir fer nánari skilgreining ýmissa hugtaka til þess að auðvelda notkun.

Með ríkinu er átt við ríkissjóð (A-hluta fjárlaga) og nokkrar ríkisstofnanir í B-hluta, sem hér greinir: Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Kröflu, Rafmagnsveitur ríkisins, Jarðboranir og Jarðvarmaveitur ríkisins, Póst og síma og Ríkisútvarp (hljóðvarp-sjónvarp), auk atvinnuleysistrygginga og Tryggingastofnunar ríkisins, svo og Ríkisábyrgðasjóð, Hafnabótasjóð og Viðlagasjóð.

Með fyrirtækjum sveitarfélaga (tafla XVII) er fyrst og fremst átt við hita- og rafveitur.

Með einkaaðilum (tafla XVIII) teljast atvinnufyrirtæki, þar með talið Sementsverksmiðja, Áburðarverksmiðja, Kísliðjan, Skipaútgerð ríkisins og Landssmiðjan, svo og einstaklingar og félagasamtök.

Sérstaklega skal á það bent, að sparnaður er að öðru jöfnu fundinn sem mismunur rekstrartekna og rekstrargjalda, sem er sami mismunur og er á samtölu fjármunamyndunar, veittum lánunum, fjármagnstilfærslum til annarra og sjóðshækkunum að frádregnum fengnum lánunum og fjármagnstilfærslum frá öðrum, svo og sjóðslækkunum. Vegna ónógra upplýsinga var sparnaður, eins og hann er sýndur í töflum XV—XVIII, fundinn út með síðari aðferðinni, þ. e. a. s. sem mismunur á innkomnu og útgreiddu fjármagni.

TÖFLUYFIRLIT

Tafla	I	Lánsfjáráætlun: Yfirlit 1974, 1975 og 1976
—	II	Lánsfjáráætlun: Markmið 1976
—	III	Lánsfjáráætlun: Áætlun 1975
—	IV	Lánsfjáráætlun: Bráðabirgðatölur 1974
—	V	Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Bankakerfið
—	VI	Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Seðlabankinn
—	VII	Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Innlánsstofnanir
—	VIII	Útlán fjárfestingarlánasjóða 1974—1976
—	IX	Áætlun um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1976
—	X	Greiðsluáætlun um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1975
—	XI	Greiðsluyfirlit um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1974
—	XII	Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1974—1976
—	XIII	Löng erlend lán flokkuð eftir notendum 1974—1976
—	XIV	Greiðslujöfnuður við útlönd
—	XV	Fjárfesting og fjármögnun alls 1974—1976
—	XVI	Fjárfesting og fjármögnun 1974—1976: Ríkið
—	XVII	Fjárfesting og fjármögnun 1974—1976: Sveitarfélög
—	XVIII	Fjárfesting og fjármögnun 1974—1976: Einkaaðilar
—	XIX	Greiðsluflæði lánastofnana
—	XX	Greiðsluflæði við útlönd
—	XXI	Fjármagnstilfærslur 1974, 1975 og 1976
—	XXII	Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir
—	XXIII	Fjármunamyndun 1974—1976
—	XXIV	Byggingar og mannvirki hins opinbera 1974—1976
—	XXV	Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1974—1976

Tafla I Lánsfjáráætlun: Yfirlit 1974, 1975 og 1976
Nettó hreyfingar í millj. kr.

